LANDSPÍTALI

FRÆÐSLUEFNI

# Mitomycin innhelling í þvagblöðru

Mitomycin er krabbameinslyf og jafnframt sýklalyf sem er notað til að meðhöndla yfirborðslægt krabbamein í þvagblöðru. Lyfinu er sprautað inn í þvagblöðruna.

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild þvagfæra 11A einu sinni í viku í sex skipti. Í hvert skipti þarf að koma með þvagsýni (morgunþvag) í sýnaglasi sem fæst í apótekum. Hver meðferð tekur um 30 mínútur.

## Undirbúningur fyrir meðferð

Mikilvægt er að Mitomycin þynnist ekki af þvagi. Til að takmarka þvagframleiðslu á að drekka sem minnst í þrjár klukkustundir fyrir meðferð (dreypa má á vökva). Bíða þarf með þvaglosandi lyf þar til eftir meðferð.

## Meðferð

Þvagrásarop er þvegið og þvagleggur settur í þvagblöðruna. Síðan er lyfinu sem er 50 ml af vökva sprautað inn í þvagblöðruna gegnum þvaglegginn og hann síðan fjarlægður. Á meðan lyfið er í þvagblöðrunni er gott að hreyfa sig um af og til.

## Þvaglát

Lyfið á að vera í þvagblöðrunni í tvær klukkustundir, en ekki lengur. Ef þvaglátsþörf er ekki komin eftir eina klukkustund og 45 mínútur þá er gott að byrja að drekka vel af vökva til að geta pissað.

Við fyrstu þvaglát eftir meðferðina er mikilvægt að sitja á salerni til að lyfið dreifist ekki á aðra staði. Eftir þvaglát þarf að loka salerni og sturta tvisvar niður. Einnig er ráðlagt að þvo sér að neðan eftir fyrstu þvaglát.

Drekka þarf að minnsta kosti tvo lítra fyrsta sólarhringinn eftir meðferðina. Þvagið getur orðið blóðlitað og einkenni eins og tíð þvaglát og sviði geta komið fram. Gott er að eiga verkjalyf til að taka eftir þörfum.

## Kynlíf
Nauðsynlegt er að nota smokk við kynlíf á þeim tíma sem meðferð er gefin og í viku eftir að henni lýkur.

## Kostnaður
Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Hafa þarf samband við göngudeild þvagfæra 11A eða fara á bráðamóttöku ef:**

- Hiti er hærri en 38,5 °C eða mikill slappleiki
- Erfiðleikar eru við þvaglát

## Símanúmer
Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut er opin virka daga klukkan 08:00-16:00, sími 543 7100. Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Þetta fræðsluefni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðsluefnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU
ÁGÚST 2026
FRÆ-0427

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR
ÞVAGFÆRASKURÐLÆKNINGA
OG DEILDARSTJÓRI
GÖNGUDEILDAR 11A

HÖNNUN:
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR LANDSPÍTALI

© Landspítali. Leyfilegt er að afrita og nota efnið óbreytt, sé heimildar getið.